

Kvennalistinn gagnrýnir verkalyðshreyfinguna:

Algert getu- og viljaleysi

DV
13. 11. 193
04.11.

„Eftir áratuga baráttu eru íslenskar konur ennþá með rúmlega 50% lægri tekjur en karlar. Konur hafa ítrekað leitað eftir stuðningi verkalyðshreyfingarinnar án sýnilegs árangurs. Getu- og viljaleysi hennar til að takast á við launamisrétti kynningar virðist algert,” segir í ályktunum atvinnumál sem samþykkt var á landsfundí Kvennalsitans um síðustu helgi.

Að sögn Kristínar Halldórsdóttur, starfsmanns þinglokks Kvennalsitans og fyrrum alþingismanns, var betta mjög þungur fundur þar sem bar á tölverðri reiði og svekkelsi vegna áhugaleysis stjórvalda og verkalyðshreyfingarinnar á stöðu kvenna í þjóðfélaginu, sérstaklega á vinnumarkaðnum.

Í ályktunum um atvinnumál segir að af einum milljarði, sem var ætlaður til atvinnusköpunar í tengslum við gerð kjarasamninga, hafi ríkisstjórnin varið rúmlega 900 milljónum til að skapa störf fyrir karla en 80 milljónum til atvinnuupþbyggingar fyrir konur en konur hafi verið í meiri hluta meðal atvinnulausra.

Vilja kvennalistakonur að lána-stofnun þar sem konur hefðu forgang verði komið á fót svo frumkvæði beirra og hugmyndir um atvinnusköpun verði virtar.

Pá segir í ályktun fundarins að miðstýring, ofstýring og vingulsháttur stjórvalda um árabil hafi valdið miklum óskunda og að þeir sem taki ákvarðanirnar séu ekki í tengslum við fólkioð.

-hlh

2 FRÉTTIR/INNLENT 7. 11. 193

MORGUNBI

Landsfundur samtaka um Kvennalista

Pungi á launa- og kjaramálum

MIKII þátttaka og góður andi er á Landsfundí samtaka um Kvennalista sem nú stendur yfir á Löngumýri í Skagafirði að sögn Þórunnar Sveinbjarnardóttur starfskonu Kvennalsitans. Hún segist ekki eiga von á sérstökum átakafundi. Aðalmál fundarins eru launa- og kjaramál kvenna.

Landsfundur hófst á föstudag. Voru þá afgreiddar breytingar á lögum og starfsreglum samtakanna og reikningar og skýrsla stjórnar samþykkt í kjölfarið. Eftir á hlyðdu þáttakendur á erindi Maríu Jóhönnu Lárusdóttur, „Flókkusagnir um kvennahreyfingar“, og var spjallað um inntak þess frameftir kvöldi.

Fyrir hádegi á laugardag voru haldin framsöguindi og rætt um sjávarútvegs-, landbúnaðar-, atvinnu- og ríkisfjármál í hópum frameftir degi. Tók þá við umræða um launa- og kjaramál. Þórunn sagði

að brún kvennanna væri þyngst varðandi þessi málefni. „Við ætlum að spá í hvort verkalyðshreyfingin sé í raun og veru nothaef í launabaráttu kvenna. Hvað hún geri og hvernig hún standi,“ sagði Þórunn. Hún sagði að rætt yrði um nýsköpun og atvinnuátaksverkefni fyrir hádegi í dag.

Þórunn sagði að 80 konur sætu fundinn. „Þátttakan er góð og nokkuð jöfn úr kjördæmum. Sérstaklega er þó auðvitað vel mætt af Norðurlandi. Andinn er líka góður,“ sagði Þórunn.